



## Námsgrein / Heildstætt verkefni: Skjálfandi eldar

### Tímabil: Vetur 2024-2025

**Námsmarkmið sem unnið verður með:** Að nemendur kynnist hugtökum tengdum eldgosum og jarðskjálftum, þekki orsök þeirra og afleiðingar og geti nýtt þessi hugtök í verkefnavinnu og umræðu. Nemendur læra um uppbyggingu jarðar, innri og ytri öfl sem móta landið og breyta. Nemendur munu læra um sögu eldgosa á Íslandi og hvaða áhrif þau höfðu á samfélagið á þeim tíma.

Þær námsgreinar sem liggja til grundvallar eru náttúrufræði, íslenska, enska, samfélagsfræði og lífsleikni.

### Viðfangsefni:

Verkefnin sem unnin verða eru ýmist hóp-, einstaklings eða paraverkefni auk þess sem nemendur hafa val um ákveðinn verkefni. Leitast er við að nemendur kynnist ólíkum leiðum við skil verkefna og hafi val um ákveðin verkefni og skilaform.

Verkefnin eru fjölbreytt og snúa að lesskilningi, ritun, upplýsingatækni og sköpun.

- How earth was made – episode 1
- Vestmannaeyjagosið
- Hugtakaverkefni (Um Víða Veröld) – nemendur vinna með ákveðin hugtök og eiga að útskýra hvað þau þýða. Nemendur æfa sig í heimildavinnu.
- Hópaverkefni – innri og ytri gerð jarðar, eldfjöll og jarðskjálftar
- Stuttar ritanir
- Enskugreinar
- Fréttaskýringabáttur

### Námsefni/kennslugögn:

Um víða veröld

Jarðfræðivefurinn

Ýmsar vefsíður og efni tengt viðfangsefninu

### Námsmat

Jafningjamat, sjálfsmat og kennaramat